

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. <i>0.0</i>	K/S <i>27.06.18</i>
Ábm. <i>MJ</i>	Svfr.
Afgr. <i>Freyja</i>	(<input type="checkbox"/>)Bréf (<input type="checkbox"/>)St.
Lvm.	Trm.

Úrskurðarnefnd umhverfis – og auðlindamála
Skuggasundi 3
101 Reykjavík

Reykjavík 25. júní 2018

Varðar: Beiðni um frestun réttaráhrifa sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 130/201, vegna kæru til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna breytinga á skilmálum á deiliskipulagi á hjólhýsasvæði, Skriðufelli, Skeiða- og Gnúpverjahreppi dags. 21. júní 2017.

Undirrituð gætir hagsmunu Félags leigutaka hjólhýsastæða í landi Skriðufells kt. 581114-0520 og óskar hér með eftir frestun réttaráhrifa vegna breytinga á deiliskipulagi í landi Skriðufells, sem auglýst var í B-deild Stjórnartíðinda 23. maí 2017.

Þann 4. janúar 2017 samþykkti sveitastjórn Skeiða – og Gnúpverjahrepps breytingu á deiliskipulagi Skriðufells og felst breytingin í breytingum á skilmálum um frágang og framkvæmdir sem gilda um hjólhýsi á hjólhýsasvæðinu.

Sveitarfélagið sendi erindi til Skipulagsstofnunar til yfirferðar skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og óskaði eftir því að auglýsing um samþykkt skipulagsbreytingarinnar yrði birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Auglýsingin var birt í B-deild Stjórnartíðinda 23. maí s.l. Kærufrestur er einn mánuður sbr. 2. mgr. 4.gr. skipulagslaga.

Umbjóðendur mínir hafa verið í samskiptum við sveitastjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Skógrækt Ríkisins, sem er landeigandi Skriðufells, frá árinu 2013 þegar Skógrækt Ríkisins hóf að viðra hugmyndir um breytingu á skilmálum vegna leigu á hjólhýsastæðum, sér í lagi breytingu á skilmálum vegna brunahættu.


Umbj. mínir hafa fengið bréf frá Skógræktinni, sem er leigusali landsins, þar sem þess er krafist að leigutakar á svæðinu endurnýji leigusamninginn en að öðrum kosti verði hjólhýsi þeirra fjarlægð af svæðinu á kostnað leigutaka. Byggir Skógræktin alfarið á þeim skilmálabreytingum sem samþykkt voru með breytingu á deiliskipulaginu frá 4. janúar 2017.

Umbj. mínir telja að leigusalanum sé óheimilt að fara fram á að leigutakar framfylgi einhliða breytingu á skilmálum sem hafa verið kærðir til úrskurðarnefndarinnar og óska því eftir því að kæra þessi fresti réttaráhrifum breytinga á deiliskipulagi og skilmálum þess.

Fyrir umbj. mína er afar mikið í húfi, þar sem um er að ræða hjólhýsi sem eru varanlega fest við landið og krafa Skógræktarinnar er að allir leigutakar rífi upp hjólhýsin á tveggja ára fresti til að fara með þau í skoðun án lagastoðar þess efnis.

Ítrekuð er beiðni um frestun réttaráhrifa sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 130/2011

Virðingarfyllst
f.h. Félags leigutaka hjólhýsastæða í landi Skriðufells



Kolbrún Garðarsdóttir lögmaður

Meðfylgjandi:

Bréf Skógræktarinnar til leigutaka dags. 2. maí 2018

þjórsárdal dags 2/5/2018

Heiðveig María Einarsdóttir
Álfkonuhvarf 4
203 Kópavogur

Vegna hjólhýsastæða nr: L01 í Skriðufellsskógi

Ágæti leigjandi

Þegar þú hófst leigu hjólhýsastæðis nr: L01 sumarið 2014 átti þér að vera fullljósar þær reglur sem um svæðið gilda enda hafði fulltrúi Skógræktarinnar kynnt þér þær sérstaklega og þú svo skrifað undir leigusamning um stæði L01

Í leigusamningnum stendur í 4.Grein. „Leigutaka er heimilt að hafa 1 hjólhýsi á stæðinu. Leigutaki skuldbindur sig til þess að sjá til þess að hjólhýsið sé með skráningarnúmer, að það sé tryggt og hafi verið skoðað skv reglugerð um skoðun ökutækja nr 8/2009. Ennfremur að hjólhýsi séu að öllu leyti í samræmi við reglur aðal- og deliskipulags á svæðinu. Leigutaki skuldbindur sig jafnframt til að hlíta í öllum atriðum skipulagsskilmálum og ákvæðum skipulagslaða nr. 123/2010, byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 með síðari breytingum“

Í leigusamningnum stendur í 2.grein “*Hjólhýsastæðið er leigt til 1 árs í senn. Að leigutíma liðnum á leigutaki forleigurétt að stæðinu verði það áfram leigt undir hjólhýsi, að því gefnu að leigutaki hafi efnt samning þennan af sinni hálfu. Hafi leigutaki efnt samning sinn við leigusalá að öllu leyti á yfirstandandi leiguári framlengist leigusamningurinn sjálfkrafa um eitt ár frá 1. júní að telja. Hvor aðili um sig getur þó sagt upp samningi þessum fram til 15. maí ár hvert“*

Þar sem ekki eru gild skráninganúmer á hjólhýsinu er þér hérmeð sagt upp leigunni á stæði L01 og gefinn frestur til 30/5 2018 til að fjarlægja hjólhýsið af lóðinni, að öðrum kosti verður það fjarlægt á þinn kostnað án frekari viðvarana.



JÓHANNES H. SIGURÐSSON
Aðstoðarskógarvörður / Assistant Forest Manager
Skógræktin / Icelandic Forest Service
þjórsárdal, is-801 Selfoss, Iceland
470 2081, 893 8889
— www.skogur.is

